



Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fyrirhugaðar starfsstöðvar í hverfi borgarinnar***

Á fundi borgarráðs þann 3. október sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum hvort Reykjavíkurborg hyggst næstu árin setja á laggirnar stofnanir/deildir/svið eða annað form af starfsstöð á forræði borgarinnar í eitthvað af eftirfarandi hverfum: 101, 102, 103, 104 eða 108. Ef svo er, hverjar eru þær og hvert er hlutverk þeirra. Hvaða pósthúmer eru á áætlun fyrir nýjar starfsstöðvar? Eins og marg oft hefur komið fram eru umferðarmálin í miklum ólestri víða í þessum hverfum. Ætla má að ástandið versni með frekari þéttingu byggðar. Vagnar Strætó bs ganga hægt og nýtast því illa til almenningsamgangna amk henta ekki öllum. Vagnar sitja oft pikkfastir í umferð þótt þeir njóti forgangs að hluta. Þannig mun staðan verða næstu árin í það minnsta þar til borgarlína rís. Þess vegna er mikilvægt að ekki muni rísa mannmargar starfsstöðvar eða fyrirtæki á þessu svæði. Flokkur fólksins vill einnig spyrja hvort borgin, þegar úthlutað er lóðum, muni ekki með kvöðum reyna að handstýra hvaða starfsemi er verið að byggja undir? Með kvöðum er komið tækifæri til að handstýra hvaða starfsemi er rekin í þessum hverfum. Borgin hefur sett ákveðinn kvóta á hótélbyggingar eða byggingar sem nota á undir hótélstarfsemi. Borgin getur handstýrt færslu stofnanna á hennar vegum og að sama skapi handstýrt hvaða starfsemi komi í þær byggingar sem eiga eftir að rísa á ólíkum svæðum með því að setja kvaðir.

Svar:

Um leið og þakkað er fyrir margvíslegar vangaveltur í fyrirspurninni þá er bent á að oft er erfitt að spá, sérstaklega um framtíðina. Ekki er hægt að sjá fyrir hugsanlegar breytingar á þjónustu borginnar „næstu árin“, einkum ekki í þeim tilvikum sem hugmyndir um breytingar hafa ekki ennþá verið settar fram. Tekið er undir mikilvægi Borgarlínu með fyrirspyrjenda. Þegar lóðum er úthlutað er gerður greinarmunur á atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði og gilda þær kvaðir sem felast í skipulagi eða lóðaúthlutun á hverjum stað. Því eru þó miklar skorður settar hvað borgin geti „handstýrt“ þegar kemur að annarri starfsemi en þeirri sem er á vegum borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson